





Reykjavík, 28. október 2025
USK25080020

Bergþórugata 11 og 11a – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Sigurbjargar H. Gunnbjörnsdóttur, dags. 5. ágúst 2025, ásamt greinargerð, dags. 5. ágúst 2025, um að stækka lóð nr. 11 og 11A við Bergþórugötu.



Deiliskipulag



Loftmynd



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bergþórugötu 11 og 11a borgarhluta 2 miðborg og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt í borgarráði 21. júní 2007, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 11 og 11a við Bergþórugötu er íbúðarhúsnæði byggt árið 1921. Húsi nr. 11a fylgir einnig geymsluhúsnæði, sem staðsett er á lóðinni sem byggt var árið 1944.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á stækkun lóðarinnar nr. 11 og 11a við Bergþórugötu, L102426, út yfir öskustíginn og að lóðarmörkum lóðanna, L102411, þar sem húsin að Njálsgötu 36, 36a og 36b eru staðsett, og L102410, þar sem húsin að Njálsgötu 34 og 34b eru staðsett.

Í deiliskipulagi er fjallað um öskustíginn en um er að ræða stíg sem lá þvert í gegnum reitinn, á milli Njálsgötu og Bergþórugötu.

Einnig er óskað eftir áliti skipulagsfulltrúa á að fá að færa geymsluskúr sem staðsettur er aftast á lóðinni. Í dag er hann við lóðarmörk Bergþórugötu 11 og 11a og liggur upp við öskustíginn. Óskað er eftir því að fá að færa hann þannig að hann liggi upp við lóðarmörk Bergþórugötu 11 og 11a og Bergþórugötu 9.

Ekki er heimild til staðar í deiliskipulagi fyrir tilfærslu skúrsins og færslu lóðarmarka yfir öskustíginn.



Stígurinn hefur sögulegt gildi sem hluti af mótun byggðar á svæðinu. Svæðið innan Hringbrautar er er skilgreint sem verndarsvæði samkvæmt hverfisverndarákvæðum skipulagslaga. Í kaflanum um borgarvernd í greinargerð AR2040 er fjallað um sögulega gatnaskipan, lögun byggingarreita og lóðarstærðir og segir m.a. að ekki skuli raska hinu sögulega gatnaskipulagi, skipan byggingarreita og opinna rýma né lóðaskipan.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið, samræmist ekki ákvæðum í aðalskipulagi um hverfisvernd á svæðinu.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík